



Sent í tölvupósti til allra sveitarfélaga.

Reykjavík, 16. mars 2021

Efni: Áskorun til sveitarfélaga um að nota innlend matvæli í skólamáltíðir.

Það er að mörgu að huga við framleiðslu á skólamáltíðum til okkar yngstu þjóðfélagsþegna. Skólamáltíðir snúast ekki eingöngu um félagsskapinn, skilgreindan matartíma og það hvernig maturinn er framreiddur. Það sem mestu máli skiptir er hvaða matur eru í boði, þar sem mörg börn eiga oft en ekki jafn langan vinnudag og fullorðnir. Því skiptir máli að skólamáltíðin veiti barni a.m.k. þriðjung af orku- og próteinþörf dagsins.

Í leiðbeiningum frá Embætti Landlæknis um mataræði til grunnskóla kemur fram að alltaf ætti að bjóða upp á grænmeti með hádegismatnum og ávexti ef það passar. Til drykkjar ætti alltaf að vera í boði kalt vatn en að öllu jöfnu er einnig mælt með D-vítamín bættri léttmjólk til drykkjar með orkuminni máltíðum og jurtamjólk fyrir nemendur sem ekki drekka mjólk. Lykilatriðið er að börn neyti fjölbreyttrar fæðu. Sé næringarrík fæðutegund á borð við kjöt tekin út úr fæðinu er mikilvægt að inn komi önnur næringarrík fæðutegund í staðinn, t.d. fiskur eða egg.

Bændasamtök Íslands skora á þitt sveitarfélag að nýta innlend matvæli eins og kostur er, sérstaklega grænmeti, kjöt og fisk.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Vigdís Häsler
framkvæmdastjóri